

Ed.

44. Frumvarp til laga

um drykkjumannahæli.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Stofna skal drykkjumannahæli, svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi fyrir árslok 1938.

2. gr.

Ríkið starfrækir hælið, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.
Heilbrigðisstjórnin setur því reglugerð og ræður forstjóra hælisins. Ríkissjóður greiðir allt að $\frac{4}{5}$ hlutum meðgjafar með þeim, sem styrkhæfir eru samkvæmt lögum um framfærslu sjúkra manna og örkuðla

3. gr.

Sá, sem sýnir vottorð héraðslæknis um, að hann þurfi að dvelja í drykkjumannahæli, og skuldbindur sig til að verða þar árlangt og hlýða settum heimilisreglum, á rétt á að fá ábyrgð framfærslusveitar sinnar, eins og um sjúkrahúsvist væri að ræða, ef hann hefir eigi efni til að greiða sjálfur þann hluta dvalarkostnaðarins, sem rikissjóður greiðir ekki.

4. gr.

Berist framfærslunefnd, sveitarstjórn eða lögreglustjóra umkvartanir um drykkjuskap manns í því framfærsluhéraði, eða tilmæli frá fjölskyldu hans, að manni þessum sé ráðstafað í drykkjumannahæli, þá ber framfærslunefnd eða sveitarstjórn að rannsaka málið, með aðstoð lögreglunnar ef þurfa þykir. Leiði sú rannsókn í ljós, að maðurinn vanræki framfærsluskyldur sínar við heimili sitt vegna drykkjuskapar, eða misþyrmi konu sinni eða börnum í ölæði, getur framfærslunefnd eða sveitarstjórn fyrirskipað honum dvöl í drykkjumannahæli.

5. gr.

Fyrirskipun framfærslunefndar eða sveitarstjórnar samkvæmt 4. gr. getur hlutaðeigandi maður skotið til ráðherra. Sömu heimild hafa aðstandendur, sem hann er til þyngsla sökum drykkjuskapar, einnig lögreglustjóri, ef framfærslunefnd eða sveitarstjórn skiptir sér ekki af málinu. Úrskurður ráðherra gerir út um málið.

6. gr.

Þegar styrkþegi hefi notið framfærslustyrks í 6 mánuði eða lengur, og það þykir sannað, að drykkjuskap hans sé um að kenna, gilda um hann sömu fyrir-mæli og segir í 4. og 5. gr. í lögum þessum, enda þótt framfærslustjórn eða sveitarstjórn hafi ekki borizt kærur um drykkjuskap hans.

7. gr.

Neiti maður að hlýða fyrirskipun eða úrskurði um hælsvist, ber hlutaðeigandi yfirvaldi að sjá um flutning hans til hælisisns.

8. gr.

Heilbrigðisstjórnin getur stytst ákveðinn dvalartíma vistmanns í drykkjumannahæli, þegar sannað þykir með vottorði frá héraðslækni og forstjóra hælisisns, að vistmaðurinn þurfi ekki að dvelja þar lengur.

Fari vistmaður í leyfisleysi frá hælínu, getur framfærslunefnd eða sveitarstjórn krafizt þess, að hlutaðeigandi yfirvald flytji hann þangað aftur og dvalartími hans verði lengdur.

9. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar er rikið hefir stofnað drykkjumannahæli, eða heilbrigðisstjórnin hefir viðurkennt þesskonar hæli, sem bæjarfélög eða einstakir menn kynnu að stofna.

Verði samsvarandi hæli stofnað fyrir drykkfelldar konur, gilda um það hin sömu lög.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er að mestu leyti samhljóða frumvarpi, er ég flutti á síðasta Alþingi, en náði þá ekki afgreiðslu.

Það mun vart ofhermt, að allur þorri manna héraðslendis telur stofnun drykkjumannahælis aðkallandi nauðsynjamál.

Efri deild Alþingis samþykkti árið 1935 þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun drykkjumannahælis og löggjöf þar að lútandi.

Haustið 1935 töldu bæjarfógetar á Akureyri, Ísafirði og Neskaupstað 20—25 menn úr þessum kaupstöðum samtals sjálfsagða til dvalar á drykkjumannahæli, ef til væri. Bréfkaflar um það efni, er þeir rituðu barnaverndarráði Íslands, voru birtir í greinargerð frumvarpsins í fyrra. Þar var og birtur útdráttur úr ýtarlegri skýrslu frá lögreglustjóranum í Reykjavík frá 1. jan. 1931 til 1. nóv. 1935. Sýndi sá útdráttur meðal annars, að þeim fer mjög fjölgandi, sem settir eru í varðhald vegna ölvunar, og að mestur hluti þeirra manna eru menn á bezta aldri. „er höfðu sætt kærnum og refsingum mörgum sinnum, og fyrir slæm afbrot“.

Þá voru og birt ummæli aðalfangavarðar hegningarhússins í Reykjavík, þar sem hann taldi, að um 60 þeirra, sem oftast væru settir inn fyrir ölvun hér í bæ, væru í raun réttir ósjálfbjarga vegna drykkjuskapar og þyrftu hælissvist, ef til væri.

Í blaðinu „Hvöt“, sem bindindisfélög í skólum gefa út, birtist 1. febr. síðastl. viðtal við Svein Sæmundsson lögregluþjón í Reykjavík. Skýrir það einkar vel frá ástandinu í þessu efni. Þar segir meðal annars: „Mikill hluti stærri glæpa og afbrota, sem eru framin hér í bænum, eiga beint eða óbeint rót sína að rekja til áfengisnautnar.“ — —

„Árin 1930—1935, að háðum meðtöldum, voru að meðaltali sektaðir eða kærðir fyrir áfengislagabrot 733 menn. Á sama tíma hafa 40 bifreiðarstjórar verið sviptir ökuleyfi að meðaltali árlega vegna áfengisneyzlu eða ölvunar við bifreiðaakstur.“ — — „Árið 1935 fékk lögreglan 947 hjálparbeiðnir vegna ölvunar í opinberum stöðum, og 483 beiðnir vegna ölvunar í heimahúsum, en þar leitar fólk venjulega ekki aðstoðar lögreglunnar fyrr en í fulla hnefa. Auk þess búrast á sama tíma 485 hjálparbeiðnir frá opinberum stöðum, og 791 úr heimahúsum. Í þessum tilfellum verður ölvun ekki talin aðalorsök, en á þó oft mikinn þátt í því, að aðstoðar lögreglunnar þarf með.“

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík skýrir svo frá, að árið 1936 hafi samsvarandi tölur verið 698 og 488, hjálparbeiðnir vegna ölvunar eingöngu, en aðrar voru 479 og 1024.

Varðhaldsvistir 1936 vegna ölvunar voru 587, þar af 13 varðhaldsvistir kvenna. Ölvunarbrotin voru 626 það árið, og um 130 þjófnaðarmál komu í hendur lögreglunnar fyrstu 6—7 vikur þessa árs, og voru allmörg þeirra í sambandi við drykkjuskap.

Eru þetta allt hrópanði tölur.

Loks má nefna, að Alþingi barst í fyrra, að tilhlutum Friðriks Á. Brekkans, ráðunauts í áfengismálum, áskorun ýmsra mikilsmetandi manna í Reykjavík um að gera þá þegar ráðstafanir til þess, að drykkjumannahæli geti tekið til starfa hið bráðasta. Leyfi ég mér að birta þá áskorun sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, þar eð hún sýnir, að mál þetta á áhrifaríka stuðningsmenn í ýmsum stéttum og stjórnmálaflokkum.

Það ætti að vera óþarfi að láta kostnaðarhliðina vaxa sér svo í augum, að ekkert sé að gert, því þegar á allt er litið, verður allra dýrast að gera ekki neitt. Og vel mætti haga þessum málum þannig, að kostnaður yrði ekki neitt tilfinnanlegur.

Heppilegast er að kaupa eða leigja vel hýsta jörð, sem ekki er alveg í þjóðbraut, þar sem hægt væri að taka 30—40 vistmenn fyrst í stað, og ætla þeim góða aðbúð og hæfileg störf, t. d. við garðyrkju og hevvinnu á sumrum, en handavinnu og skepnuhirðing á vetrum. Búast má við, að jörðin með húsum og öðrum stofn-
kostnaði kostaði 50—70 þús. kr., eftir því hve vel væri á haldið. Árlegur kostnaður upp frá því fer mjög eftir dagnaði og hagsýni forstöðumanns. Erlend reynsla sýnir, að hæfileg vinna, góður heimilisbragur og alger útilokun áfengra drykkja er bæði til heilsubótar vistmönnum og hælunum til efnalegra hagsbóta.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir, að geðveikrahælin beri sig vel með 5 kr. daggjöldum sjúklinga, en þá ætti drykkjumannahæli ekki að þurfa að taka nema 2.50—3 kr. á dag með sínum sjúklingum. Vistmenn sjálfir vinna þar

mörg heimilisverk. Mjólk, kjöt og grænmeti eru heimatekjur, en lækni- og lyfja-kostnaður harla lítill — samkvæmt reynslu annara þjóða.

Væru þessir sjúklingar styrktir t. d. með 2 kr. á dag — geðveikisjúklingum er ætlaður 3.50 kr. styrkur á dag úr ríkissjóði —, þá yrði árlegur kostnaður ríkissjóðs um 22 þúsund kr. fyrir hverja 30 vistmenn. Sú fjárupphæð ætti ekki að fæla neinu frá að styðja frumvarpið, allra sízt þegar litið er á sivarandi kostnað við lögreglu- eftirlit með ofdrykkjumönnum, og öll önnur þyngsli, sem af þeim leiðir, og hins- vegar litið á, hvers virði það er þjóðfélaginu í heild og fjölmörgum heimilum, að breyta a. m. k. helmingi þeirra í nýta borgara.

Í þessu sambandi má nefna, að í einu af elztu björgunarheimilum Bláa kross- ins í Danmörku er árangur starfsins sá, að helmingur vistmanna fékk fullan bata og urðu nýtir borgarar; fjórði hluti þeirra fékk talsverða bót, en fjórði hlutinn tók upp sömu óreglu og áður, og þá einkanlega þeir, sem voru skemmri tíma en 1 ár í hælínu. Svipuð mun reynslan annarsstaðar á Norðurlöndum.

Þegar alls þessa er gætt, getur það tæplega talizt ósannjarnt, þótt farið sé fram á að verja fáeinum hundradshlutum af milljónagróða áfengisverzlunarinnar til viðreisnar þeim mönnum, sem orðið hafa ofdrykkjunni að bráð.

Um einstakar greinar frumvarpsins er óþarft að fjölyrða; þær eru að ýmsu leyti sniðnar eftir síðustu löggjöf Dana um þetta efni, að fráteknum tveim fyrstu greininum; en í Danmörku eru elztu drykkjumannahæli orðin 30 ára gömul, og byggja þau því starfsemi sína á langri og góðri reynslu.

Fylgiskjal.

Þar sem það er lýðum ljóst, að stofnun hælís fyrir drykkjumenn er bæði fé- lagsleg nauðsyn og mannúðarskylda, sem þjóðfélagið getur ekki skotið sér undan, leyfum vér oss hér með að skora á hið háa Alþingi að gera — áður en þessu þingi slitur — nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að slíkt hæli geti tekið til starfa hið bráðasta, og þá, að jafnframt verði gengið frá nauðsynlegri sérköggjöf, er málið varðar.

Reykjavík, 5. maí 1936.

Fr. Ásmundsson Brekkan, ráðun. í áfengismálum. Vilm. Jónsson, landlæknir. Ingimar Jónsson, skólastjóri. F. R. Valdimarsson, ritstjóri. Halldór Sigfússon, skatt- stjóri. Gústav A. Jónasson, lögreglustjóri. Jón Guðjónsson, bókari. Jón Helgason, biskup. Sigurbjörn Þorkelsson, kaupmaður. Sig. Jónsson, skólastjóri. Bjarni Jóns- son, dómkirkjuprestur. Emilía Borg. Hallgrímur Jónsson, yfirkennari. F. Hall- grimsson, prestur. Ingv. Á. Sigmundsdóttir, kennari. Halldór Kiljan Laxness. Frey- steinn Gunnarsson, skólastjóri. Sigurður Thorlacius, skólastjóri. Jón Þorsteinsson, iþróttakennari. Björn Magnússon, prestur, Borg. Ben. G. Waage, forseti Í. S. Í. Jón E. Bergsveinsson, erindr. Slysavarnafél. Árni Sigurðsson, frikirkjuprestur. Þorleifur Guðmundsson. Felix Guðmundsson, form. áfengisvarnan. Rvíkur. Guðjón Guðjóns- son, skólastjóri, Hafnarfirði. Gissur Bergsteinsson, hæstaréttardómari. Sigurbj. Á. Gíslason, form. barnaverndarráðs. Benedikt Jakobsson, fimleikastjóri. Sigf. Sigur- hjartarson, form. útvarpsráðs. Pálmi Hannesson, rektor menntaskólans. Vilhj. Þ. Gíslason, skólastjóri. Sigurkarl Stefánsson, menntaskólakennari. Sig. Sigurðsson, berklayfirlæknir. Helgi Tómasson, læknir. Valtýr Stefánsson, ritstjóri. Guðm. Thor- oddsen, prófessor. Jón Hj. Sigurðsson, yfirlæknir. G. Karl Pétursson, aðstoðar- læknir. Þór. Þórarinsson, ritstjóri. Páll Steingrímsson, ritstjóri. Axel Thorsteinsson, blaðamaður.

Til Alþingis.